

131. löggjafarþing 2004-2005.
Þskj. 788 – 519. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Frá Margræti Frímansdóttur.

1. *Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar á þessu ári til viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands?*
2. *Hver er áætlaður verkáfangi á þessu ári?*
3. *Hver er áætlaður heildarkostnaður?*
4. *Hefur fé verið tryggt til verksins?*
5. *Hvenær má vænta verkloka?*

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður, Margræt Frímansdóttir hefur beint til mín nokkrum spurningum um Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Í fyrsta lagi spyr háttvirtur þingmaður hversu mikið fé sé til ráðstöfunar á þessu ári til viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi.

Á árinu 2005 eru 379 m.kr. til ráðstöfunar. Eins og kunnugt er hófust framkvæmdir formlega í nóvember 2004 og er gert ráð fyrir að framkvæmdir verði rúmlega hálfnaðar í árslok 2005. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er 815 m.kr. og búist við að viðbyggingin verði tilbúin til notkunar 1. febrúar 2007. Svo sem kunnugt er hefur ráðuneytið átt í viðræðum við nokkur sveitarfélög um hlut þeirra í kostnaði við hjúkrunarrými og er samkomulag um að útkljá málið með gerðardómi. Þrátt fyrir að endanleg niðurstaða í þeim þætti sé ekki ljós enn, verður að telja að fjármagn að öðru leyti sé tryggt til framkvæmdanna.

Virðulegi forseti.

Ég vona að þessar upplýsingar svari öllum spurningum háttvirts þingmanns.

(Talað orð gildir)